

**Ed.**

**151. Breytingartillögur**

[89. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Á eftir 8. gr. komi ný gr., sem verður 9. gr.:  
Kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkvæmt ákvæðum þeirra var ætlað að gilda til ársloka 1969, er heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga.
2. Við 9. gr.
  - a. Á eftir orðunum „óverkuðum saltfiskflökum“ í 1. tölul. komi: óverkuðum söltuðum smáfiski.
  - b. Á eftir orðunum „óverkuðum saltfiski“ í 5. tölul. komi: öðrum en smáfiski.
  - c. Í stað orðanna „ $\frac{1}{4}$  hluti“ í næstsiðustu málsg. komi:  $\frac{1}{3}$  hluti.
  - d. Í lok síðustu málsgreinar bætist við: eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.
3. Við 12. gr. Síðasti málslíður orðist svo:  
Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrissskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslenzks banka, og sé töllyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjald-eyrisandvirði fyrir gjaldinu.
4. Við ákvæði til bráðabirgða (við II. kafla). Í stað orðanna „söltuðum grásleppuhrognum“ í niðurlagi gr. komi: söltuðum eða niðurlögðum grásleppuhrognum.